

Kynlífsráðgjöf

Sérhæfður hjúkrunarfræðingur með þekkingu á kynlífsheilbrigði og samtalsmeðferð sinnir kynlífsráðgjafþjónustu fyrir sjúklinga sem eru eða hafa verið í meðferð á Landspítala. Í ráðgjöfinni er veittur stuðningur og fræðsla ásamt því að farið er yfir úrlausnir við áhyggjuefnum og vanda tengt kynlífi og nánd.

Hvert er markmiðið með kynlífsráðgjöf?

Krabbameinsgreining og krabbameinsmeðferð geta breytt kynlöngun, líkamsímynd og sjálfsmynd sjúklings sem kynveru og hæfni líkamans til að bregðast við kynferðislegri örvun. Markmiðið með kynlífsráðgjöf er að bæta líðan og lífsgæði sjúklings og/eða maka því kynlíf og nán sambönd eru mikilvægur hluti lífsgæða. Algengt er að sjúklingar og/eða maki komi í 1-3 viðtöl.

Hvernig er hægt að fá tíma í kynlífsráðgjöf og hver er kostnaður?

Sjúklingur og/eða maki geta óskað eftir viðtalstíma að eigin frumkvæði í gegnum skiptiborð í síma: 543 1000 eða óskað eftir að hjúkrunarfræðingur eða læknir sendi beiðni um kynlífsráðgjöf. Kynlífsráðgjöf er sjúklingum að kostnaðarlausu meðan þeir eru í yfirstandandi meðferð svo sem geislameðferð eða lyfjameðferð. Að meðferð lokinni er greitt göngudeildargjald við komu í kynlífsráðgjöf samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklings á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklings og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.